

söltunar á þorski og þorskhrögnum (gotu), og af efnunum, sem notuð eru til verk- 4  
unar grásleppuhroga til útflutnings. Sá, sem vill fá tollinn endurgreiddan, skal 6. jan.  
sanna með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið magn þessara efna er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 6. janúar 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

5

6. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og  
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og  
Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með  
samþykki Voru:

1. gr.

52. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum er þó fjármálaráðuneytinu heimilt að lækka, og  
jafnvel láta þær alveg falla niður, ef sérstakar málsbætur eru, til 1. júlí 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 6. janúar 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*